

Sveitarfélagið Garður  
Páll Svavar Pálsson,  
byggingarfulltrúi  
Melbraut 3  
250 Garður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. október 2010  
Tilvísun: UST20100900018/ksj

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi iðnaðarlóðar álvers í Helguvík við Berghóla

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Garður er barst 6. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarlóðar við Berghóla í landi Sveitarfélagsins Garðs. Samþykkt deiliskipulag nær yfir 113,7 ha iðnaðarlóð við Berghóla þar sem gert er ráð fyrir 250.000 tonna álframleiðslu. Áætlað heildarflatarmál bygginga er 140.000 m<sup>2</sup>.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi iðnaðarlóðar við Berghóla felur í sér eftirfarandi breytingar : Í stað þess að hámarkshæð bygginga sé 18m og aðeins reykháfar og hreinsibúnaður séu 45 m háir, verða 2,5 % af áætluðu heildarflatarmáli fullbyggðs álvers 18 – 24 metrar á hæð. Einnig verða mannvirki 24 – 40 metrar á hæð, allt að 1,0 % af áætluðu flatarmáli fullbyggðs álvers. Í greinargerð kemur fram að flatarmál þeirra byggingarhluta sem eftir breytingu verða hærri en 18 metrar á hæð verði 3.149 m<sup>2</sup>.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við breytingartillöguna.

#### Ásýnd

Miðað við umfjöllun um sjónræn áhrif og myndir í frummatsskýrslu frá maí 2007, mun ofangreind breyting á sjónrænum áhrifum álvers vegna aukningar byggingarhluta er fara upp fyrir 18 metra í hæð verða mest séð frá Heiðarenda í vesturhluta Reykjanesbæjar, Mánatorgi þar sem Hringbraut, Miðnesheiðarvegur og Garðskagavegur skerast, Garðskagavegi við hesthús og frá golfvöllinum í Leiru. Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar eru mótvægisáðgerðir vegna sjónrænna áhrifa álversins þær, að byggja jarðvegsmanir að vestanverðu milli álversins og Garðskagavegar og við lóðamörk iðnaðarsvæðisins að sunnan og vestanverðu. Á myndum í greinargerð er fylgir breytingartillögunni þ.e. ljósmyndum þar sem fyrirhugað álver er áætlað inn á, er augljóst að þeir hlutar er verða áberandi, þrátt fyrir manir, eru reykháfarnir og aðrir byggingahlutar er fara yfir 18 metra hæð. Sá hluti bygginga sem verður hærri en 18 metrar verður eftir breytingu yfir 3000 m<sup>2</sup>. Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir niðurstöðu í greinargerð er fylgir breytingartillögunni en þar segir: „Þó svo að einstaka hlutar álversbygginganna verði hærri en áður var ráðgert koma reykháfarnir




áfram til að standa hæst. Í ljósi þess og fjarlægðar til álversins frá þeim stöðum þar sem flestir koma til með að lita það augum er ekki talið að ásýndaráhrif aukist að neinu marki frá því sem fyrra mat byggði á, einkum þegar tillit er tekið til ráðgerðra jarðvegsmana.“ Hér er að mati stofnunarinnar um töluverða breytingu hvað varðar sjónræn áhrif. Sjónræn áhrif verða því talsverð eftir breytinguna.

Í greinargerð með samþykktu deiliskipulagi frá ágúst 2007 segir: „Lögun áferð og uppgræðsla jarðvegsmananna verður með þeim hætti að þær verði ekki sjálfar útlitslýti í landinu.“ Að mati Umhverfisstofnunar er þetta mikilvægt atriði, sem og að ofangreindar manir verði formaðar og lagaðar sem best að landi og stofnunin undirstrikar mikilvægi vals á gróðri svo yfirborðslitir mananna falli vel að umhverfi þeirra. Í umsögnum Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu álversins frá maí 2007 og um samþykkt deiliskipulag iðnaðarlóðar við Berghóla sem fyrirbyggjandi tillaga að breytingu á við, kemur fram að stofnunin telur mikilvægt að litaval yfirborðs álversins verði slíkt að það falli vel að umhverfinu. Með aukningu þeirra hluta verksmiðjunnar er fara yfir 18 metra í hæð um u.þ.b. hálfan hektara, er þessi þáttur enn mikilvægari.


### Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að álver í Helguvík er matsskyld framkvæmd og fór mat á framkvæmdinni fram árið 2007. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar upplýsingar um matsskylda framkvæmd liggi fyrir þegar mat á umhverfisáhrifum fer fram. Að mati Umhverfisstofnunar er miður að tillaga um breytingu á framkvæmdinni sem hefur áhrif á einn af þeim þáttum þ.e. sjónræn áhrif, sem skoðaðir eru við mat á umhverfisáhrifum skuli koma fram eftir að matsferlið hefur farið fram.

Virðingarfyllst



Hjalti J. Guðmundsson  
Sviðsstjóri



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

